

- 51 Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941 til að öðl-
1. apríl ast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1944.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

- 52 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Gnúpverja“, útgefin á
3. apríl venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1944.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð Gnúpverja.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Guðrúnu Stefánsdóttur, húsfreyju í Haga í Gnúpverjahreppi, sem fædd var 19. marz 1914 og dáin 25. febr. 1943.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Gnúpverja. Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, sem konur í Kvenfélagi Gnúpverja, og nokkrir aðrir Gnúpverjar gáfu til minningar um Guðrúnu, og eykst sjóðurinn af vöxtum og gjöfum, sem kunna að verða gefnar í hann.

Minningsþjöld fyrir sjóðinn skulu gefin út svo fljótt, sem því verður við komið.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að vextir séu allir lagðir við höfuðstólinn, unz ársvextir nema 100 — eitt hundrað — krónum, en úr því falli helmingur ársvaxtanna til útborgunar til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu samkvæmt tilgangi hans. Hinn helmingurinn sé ávallt lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Starfsvið sjóðsins skal vera Gnúpverjahreppur í Árnessýslu, og hann einn. Og er tilgangur sjóðsins að styrkja ekkjur og ekkjumenn, sem búsett eru í hreppnum.

5. gr.

Styrkveitingum skal svo hagað:

- a. Þær fari fram 19. marz ár hvert, eða því sem næst.
- b. Eigi má veita minni styrk en 50 — fimmtíu — krónur.
- c. Veita má hvort heldur eftir umsóknum eða án þeirra.
- d. Sé engin ekkja eða ekkjumaður í hreppnum talin styrkþurfi, skal styrkja mun- aðarlaus börn. Þurfi þess ekki heldur ár og ár, leggjast allir vextir við höfuðstól meðan svo stendur, sbr. þó 8. gr.
- e. Nú giftist ekkja eða ekkjumaður, og er stjórn sjóðsins þó heimilt, að veita henni eða honum styrk í eitt skipti eftir það, þ. e. næst, þegar styrkveiting fer fram, -- ef ástæða þykir til.

6. gr.

52

3. apríl

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn fyrst um sinn: sóknarprestur Stóra-Núps prestakalls, oddviti Gnúpverjahrepps, og kona, sem stjórn Kvenfélags Gnúpverja kýs. Skipi sami maður fleiri en eina af stöðum þessum, kýs kvenfélagið (eða hreppsfundur) hinn þriðja mann.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið að mun, og farið er að veita styrk úr honum, sé heimilt að bæta tveim mönnum í stjórnina, og er hún þá skipuð 5 mönnum, sé annar kosinn á aðalfundi Kvenfélags Gnúpverja, en hinn kosinn á hreppsfundi. Stjórnin kýs sér formann.

Stjórnin annast fjárhag sjóðsins og ræður úthlutun styrktarfjár.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Formaður gerir ársreikninga sjóðsins, en aðrir tveir stjórnarmenn endurskoða þá. Skulu þeir ritaðir í sérstaka bók og sýndir á aðalfundum Kvenfélags Gnúpverja, og á hreppsfundum í Gnúpverjahreppi eigi sjaldnar en annað hvort ár. Þeir skulu og birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Komi sú tíð, að vextir þeir, er til útborgunar falla, verði svo miklir, að sýnt sé, að framvegis verði engin þörf á þeim öllum til styrktar ekkjum, ekkjumönnum eða munaðarlausum börnum, má verja nokkru af þeim til annarra líknarstarfa.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um skemmtanaskatt í Neskaupstað.**

53

12. apríl

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918 sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af öllum skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Neskaupstað og ekki eru sérstaklega undanþegnar skatti samkv. nefndum lögum.

2. gr.

Skattskyldar skemmtanir eru þessar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. hljómleikar og söngskemmtanir,
- b. sjónleikar,
- c. kappleikar og sýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í,
- d. kvikmynda- og skuggamyndasýningar,
- e. tombólur, bögglaupþað og happdrætti.

2. flokkur:

- a. dansleikar,
- b. danssýningar,
- c. loddara- og fjölleikasýningar,
- d. allar aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.